

20. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 27. ágúst 2009 kl. 10:30. Mættir: Haraldur Benediktsson, Stefán Logi Haraldsson, Jón Torfi Jónasson, Emma Eyþórsdóttir, Þórhallur Bjarnason, Ásmundur Einar Daðason, Lilja Jóhannesdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 18. fundar lögð fram og samþykkt samhljóða. Fundargerð 19. fundar einnig lögð fram og samþykkt samhljóða.

2. Nýtt háskólaráð – kynning. Nýtt háskólaráð var skipað í sumar og er þetta fyrsti fundur ráðsins undir stjórn rektors sem var endurráðinn frá 1. ágúst sl. til 5 ára. Nýir háskólaráðsfulltrúar kynntu sig og jafnframt lýsti ráðið yfir ánægju með endurráðningu Ágústs Sigurðssonar sem rektors.

3. Þróun mála frá síðustu fundum ráðsins. ÁS fór yfir þau atriði sem efst hafa verið á baugi hjá LbhÍ síðustu mánuði. Nemendum hefur fjölgað milli skólaára og verða 420 í reglubundnu námi í vetur. Þá er gert ráð fyrir a.m.k. svipuðum fjölda hjá endurmenntun LbhÍ eða u.þ.b. 1800 þátttakendum. LbhÍ tekur við rekstri NOVA samstarfsins frá næstu áramótum til tveggja ára. Þriggja ára tilraunaverkefni um Landgræðsluskólann lýkur um næstu áramót með því að skólinn verður festur í sessi undir hatti Háskóla sameinuðu þjóðanna.

4. Fjármál og rekstur. ÞTJ fór yfir þróun fjármála LbhÍ frá stofnun og stöðu rekstrarins. Að óbreyttu munu útgjöld á næsta ári verða a.m.k. 130 mkr. umfram tekjur og er þá ekki tekið tillit til sparnaðarkrafna sem boðaðar hafa verið innan stjórnkerfisins. Í umræðum kom m.a. fram að í þeim efnahagsþrenginum sem nú dynja á þurfi allar stofnanir og fyrirtæki að draga saman seglin í útgjöldum sínum og finna leiðir til hagræðingar og sparnaðar. LbhÍ mun ekki fara varhluta af því en þar við bætist að fjárframlög til skólans hafa ekki aukist undanfarin ár í samræmi við vaxandi umfang. Óhjákvæmilegt er að bregðast við þessu með breytingum á starfsemi.

5. Skýrsla fýsileikanefndar um samruna LbhÍ og HÍ. Áslaug Helgadóttir kom inn á fundinn og rakti helstu atriði skýrslunnar. Aðdragandi að verkinu er m.a. flutningur LbhÍ frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis og vilji stjórnvalda til að endurskoða uppbyggingu og skipulag háskólakerfisins. Í skýrslunni er talið fýsilegt að mynda nýtt svið við HÍ þar sem núverandi starfsemi LbhÍ yrði lögð inn ásamt með skyldum fagsviðum innan HÍ. Skýrslan leiðir ekki í ljós fjárhagslega hagræðingu af samruna en e.t.v. einhvern kostnaðarauka. Í umræðum kom m.a. fram mikilvægi þess að tryggja tengsl háskólastarfsins við atvinnulífið og að góð tengsl LbhÍ við landbúnaðinn feli í sér mikil verðmæti fyrir báða aðila. Algert skilyrði fyrir samruna er að úrbætur verði gerðar á fjármálum skólans og að starfsemi verði eflað á Hvanneyri og Reykjum. Fram komu efasemdir hjá fundarmönnum um ávinning af hugsanlegum samruna og jafnframt að með þeirri skýrslu sem nú liggur fyrir sé ekki búið að svara til fulls mikilvægum álitaeftum eða móta hugmyndina þannig að hægt sé að taka endanlega afstöðu til hennar. Það

sjónarmið kom líka fram að framtíð LbhÍ þyrfti að skoða með það í huga hvernig skólinn gæti lifað af með reisu til þess að þjóna þeim þörfum sem hann er upphaflega stofnaður til, þ.e. að sinna menntun og rannsóknum í landbúnaði.

Önnur mál. Rætt um afstöðu nemenda til hugmynda um samruna LbhÍ við HÍ. Fulltrúi nemenda taldi nemendur almennt andsnúna sameiningu og lagði áherslu á að þjónusta við nemendur hjá LbhÍ væri einstaklingsmiðaðri en í HÍ.

Næsti fundur háskólaráðs ákveðinn 24. september kl. 10:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25.